

Íslenska 7. b. 2021 - 2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Markmið kennslunnar er m.a. að nemendur nái tökum á og þjálfist í hæfniviðmiðum Aðalnámskrár (2013).

Jafnframt er stefnt að því að nemendur beri ábyrgð á eigin námi, taki virkan þátt í umræðum, sýni uppbyggileg samskipti og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Mikilvægt er að nemendur þrói með sér góða námsvitund og velji vaxandi hugafar í samskiptum og námi. Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn og vinni þá heimavinnu sem lögð er fyrir hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og vandi vinnubrögð. Í íslensku á miðstigi skiptast færniþættir í talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði og falla hæfniviðmið undir þessa þætti. Þessir þættir eru ekki einangraðar deildir íslenskukennslunnar heldur hlutar af samofinni heild. Þar getur hver haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Stefnt er að virkri hópaskiptingu nemenda og leitast við að hafa sveigjanlegt fyrirkomulag. Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu er undirstaða þess. Leitast er við að hafa námsefni og kröfur í samræmi við hæfni hvers og eins með verkefnum við hæfi. Þótt nemendur vinni á mismunandi hraða verður sama grunnnáms efni fyrir alla en aukalega ýmis verkefni sem dýpka skilning á viðfangsefninu fyrir bráðgera nemendur. Jafnframt verður stoðþjónusta og aðstoð í tímum í boði fyrir þau sem þurfa.

Kennsluaðferðir

Hæfniviðmið eru þjálfuð með fjölbreyttum kennsluaðferðum og vinna nemendur margvísleg verkefni til námsmats, jafnt einstaklingsverkefni sem og verkefni unnin í pörum og hópum.

Námsáætlun

2020- 2021. 5 kennslustundir á viku. Skólaárinu er skipt í tímabil þar sem unnið er með ákveðið efni og lokamat gefið.

Stafsetning - tvisvar í viku (miðvikudag og föstudag allt árið)

Málfræði -þrisvar í viku fram að jólum.

Vanda málið

Málið í mark -fallorð

Bókmenntir -Þrisvar í viku eftir jól.

Annar Smellur - tvisvar í viku fram að páskum

Orðspor 3 - tvisvar í viku frá páskum til vors

Í þessum bókum er unnið með lesskilning og ritun.

Leynardómur ljónsins - lesin heima og í yndislestri. Eftir lestur bókarinnar verða unnin verkefni í Book Creator. Hópavinna - verkefni flutt.

Bókmenntir. 35%

Fólkið í blokkinni er lesin heima. Samhliða sögunni vinna nemendur verkefnabók.

Leynardómur ljónsins er lesin heima og í skólanum.

Smellur-annar.

Orðspor 3.

Lesskilningur.

Málfræði. 30%

Málið í mark - Fallorð, Námsgagnastofnun.

Vanda málið – Minnsta málið, vinnubók 1 og 2.

Orðspor 3.

Ljósrituð verkefni eftir þörfum.

Stafsetning. 20%

Kennslubók í stafsetningu eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.

Ritun og framsögn. 15%

Ýmsir textar, samfelld mál og ljóð.

Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

Grunnþættir menntunar

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra nemenda fá að njóta sín.

Læsi

Að nemendur vinni með læsi í víðum skilningi og áhersla verði á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttum texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.

Sjálfbærni

Að nemendum sé kennd sjálfbærni í daglegri umgengni í skólanum sem taki til bæði samskipta nemenda við hvert annað og umhverfi sitt. Að nemendur glími við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið.

Sköpun

Að nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Nemendur vinni við skapandi ritun (sögur og ljóð) og taki þátt í samræðum (spjallfélagar). Vinni að fjölbreyttum myndverkum við texta sem lesinn er.

Jafnrétti

Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nemendur vinni með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Nemendur vinni að því að skapa námsumhverfi og verkefni sem byggja á jafnrétti.

Heilbrigði og velferð

Að taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Námsmat

Hæfniviðmið-Að nemandi geti:	Námsgögn	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf • tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar	Ljóðspor Ljóðspeglar	Framsögn: nemendur lesa valið ljóð og texta fyrir bekkinn.

<p>framsagnar,</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar, • tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. • hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum, • nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt, • átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 	<p>Ýmsir textar, samfellt mál og ljóð</p> <p>Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina.</p> <p>Fólkið í blokkinni-sjónvarpsþættir.</p>	<p>Lesskilningspróf</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, • notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta, • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta, • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, • lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum, • greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap, • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap, • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga, 	<p>Fólkið í blokkinni, lesbók og vinnubók</p> <p>Leyndardómur ljónsins</p> <p>Smellur annar</p> <p>Orðspor 3</p>	<p>Vinnubók unnin eftir lestur bókar. Okt-des.</p> <p>Sögugreining. Febrúar-mars.</p> <p>Lestrardagbók.</p> <p>Vinnubækur unnar, mars-maí.</p>

<ul style="list-style-type: none"> • lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær, 		
<p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur, • valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni, • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim, • lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun, • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda, • skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. 	<p>Stafsetning ritreglur og æfingar</p> <p>e. Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson. Bls. 5-80.</p>	<p>Reglulegt stöðumat í stafsetningu allt skólaárið.</p>
<p>Málfræði</p> <p>gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun, • nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál, • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk 	<p>Málið í mark- fallorð</p> <p>Vanda málið- Minnsta málið, vinnubók 1 og 2.</p>	<p>Ágúst-okt.</p> <p>Okt.-des.</p>

<p>og helstu einkenni þeirra,</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta, • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins, • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað, nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta, • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. 		
<p>Önnur verkefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur og lestrardagbók. • Nemendur hafa bók til lestrar allan veturinn. 	<p>Bækur að eigin vali.</p>	<p>Nemendur halda lestrardagbók og skrá bækur sem lesnar eru á skólaárinu ásamt stuttri endursögn um hverja og eina.</p>

Hlutverk og vinnulag nemandans

Ætlast er til:

-að nemendur mæti stundvíslega með öll gögn og heimavinnu sem lögð er fyrir hverju sinni. Jafnframt skal vinnufriður virtur.

-að nemendur nýti kennslustundir og fari eftir fyrirmælum kennara.

-að nemendur standi skil á allri heimavinnu og skili verkefnum á réttum tíma, mikilvægt er að nýta sér upplýsingar í Mentor.

-að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og stundi námið af samviskusemi.